

## *Lionssöngurinn:*

Þeir gleðjast æ, sem góðum málstað þjóna,  
hver göfug hugsjón tengir vinabönd.

Og það er takmark allra landsins ljóna  
að líkna sjúkum, rétta hjálparhönd.

Og týnum aldrei trú á máttinn hljóða  
en tendrum ljós svo myrkrið víki á braut.

Það yrði farsælt framlag allra þjóða  
í friði og eining leysa hverja þraut.

*(Lag: Litla flugan, Sigfús Halldórsson)*